

AUGLÝSING

um samþykkt skipulagsmál í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsbreytingu:

Deiliskipulagsbreyting, Sunnukrika 3, 5 og 7 – 401-M.

Breytingin felur í sér að innfæra heimildir fyrir íbúðir í turnbyggingum Sunnukrika 3, 5 og 7, með breytingu á töflu í greinargerð gildandi deiliskipulags. Einnig eru gerðar breytingar á skilmálum byggingarreita fyrir bílakjallara og niðurkeyrslur. Samhliða voru gerðar breytingar á aðalskipulagi miðsvæðis 401-M þar sem íbúðarheimildir voru innfærðar. Aðrir skilmálar eru óbreyttir.

Ofangreind skipulagsbreyting hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

F.h. Mosfellsbæjar, 14. nóvember 2022,

Kristinn Pálsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 16. nóvember 2022